



Félag leiðsögumanna

Mörkinni 6
108 Reykjavík
Sími 588-8670
Kt. 510772-0249

www.touristguide.is

info@touristguide.is

Reykjavík, 21. mars 2016

Umsögn um frumvarp til laga um leiðsögumenn, flutt á 145. löggjafarþingi 2015–2016. Þingskjal 28 — 28. mál.

Félag leiðsögumanna (FL) fagnar framkomnu frumvarpi og þakkar Ásmundi Friðrikssyni alþingismanni fyrir að taka þetta mál upp, sem og að vera í samstarfi við FL við samningu þess.

Félagið telur afar mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga þar sem það mun leiða til meiri fagmennsku á sviði leiðsagnar í þeirri mikilvægu en jafnframt viðkvæmu grein sem ferðaþjónustan er nú orðin fyrir samfélagið. Daglega eru nefnd dæmi um það sem betur hefði mátt fara í ferðaþjónustunni á Íslandi; oft atvik sem hefði mátt koma í veg fyrir hefði fagmenntaður leiðsögumaður verið með í ferð.

Ekki síst á þetta við um atvik sem tengjast öryggi ferðamanna, umgengni við viðkvæma náttúru landsins eða atvik þar sem þekking á landi og þjóð hefði komið í veg fyrir slæma upplifun ferðamanns á Íslandi.

Eins og staðan er núna getur hver sem er kallað sig leiðsögumann og farið með ferðamenn um Ísland en verði frumvarpið að lögum þá geta eingöngu þeir kallað sig leiðsögumenn sem uppfylla þau skilyrði sem frumvarpið tilgreinir. Ákveðinn gæðastimpill verður þar með að baki starfsheitinu, sem stuðla mun að meiri gæðum og fagmennsku í ferðaþjónustunni. Hjálagt er fylgiskjal sem skilgreinir starf og bakgrunn leiðsögumanna, sem útskýrir vel í hverju starf fagmenntaðs leiðsögumanns er fólgið. Af skilgreiningunni má ljóst vera að hver sem er getur ekki uppfyllt öll þessi skilyrði; til þess þarf ákveðna menntun, þjálfun og reynslu. Slíkt hafa leiðsögumenn, fagmenntaðir á Íslandi, til að bera.

Skilgreiningin er þýðing á kaflanum um leiðsögumenn í Staðli um leiðsögumenn frá Staðlaráði Íslands - ÍST EN 15565:2008 – sem skólanefnd Félags leiðsögumanna vann og skilaði til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Félag leiðsögumanna telur brýnt að frumvarpið verði samþykkt fyrir sumarið 2016 þegar von er á meiri fjölda ferðamanna til landsins en nokkru sinni fyrr og þörfin fyrir fagmennsku í ferðaþjónustunni verður enn brýnni en ella. Nú eru rúmlega 1000 félagsmenn í fagfélagi Félags leiðsögumanna sem standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem notað geta starfsheitið *leiðsögumaður* skv. frumvarpinu.

Eins og fram kemur í frumvarpinu gefst þeim sem unnið hafa við leiðsögn í ákveðinn árafjölda eða hlotið menntun frá skólum sem ekki teljast uppfylla

fullilega skilyrði um menntun leiðsögumanna, kostur á að fara í raunfærnimat, þar sem framkvæmdin verður á ábyrgð Ferðamálastofu. Þegar þegar fólk hefur staðist það mat, eða bætt við menntun sína sem upp á vantar, bætist fjöldi fólks í hóp þeirra sem skv. frumvarpinu geta kallast leiðsögumenn.

Allir ferðaþjónustuaðilar á Íslandi, sem vilja uppfylla ákveðnar gæða- og öryggiskröfur, eru þegar farnir að ráða eingöngu fagmenntaða leiðsögumenn, enda koma kröfur um slíkt frá erlendum viðskiptavinum þeirra. Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til enn meiri fagmennsku hvað snertir þennan þátt ferðaþjónustunnar á Íslandi.

Félag leiðsögumanna vill að lokum árétta að afar mikilvægt er að um þá sem falla undir c-lið, 2. gr. gildi það sama og um þá sem falla undir b-lið sömu greinar, þ.e.: *... enda sýni umsækjandi með hæfnisprófi að hann búi yfir þeirri þekkingu og færni sem þarf til að uppfylla skilyrði a-liðar.*

Þannig að skilyrði fyrir fólk sem býr á Íslandi séu ekki strangari en fyrir þá sem koma frá öðrum löndum.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Félags leiðsögumanna

Örvar Már Kristinsson
Formaður

Vilborg Anna Björnsdóttir
Vara formaður

Þorsteinn Svavar McKinstry
Stjórnarmaður

Bryndís Kristjánsdóttir
Stjórnarmaður